

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

20.4.2022
2022-04-58/0.11.0

Efni: Umsögn um drög að stefnu og aðgerðaáætlun um orkuskipti í flugi

Vísað er til auglýsingar vegna máls nr. 73/2022 á samráðsgátt stjórnvalda varðandi drög að stefnu og aðgerðaráætlun um orkuskipti í flugi. Landsnet hefur kynnt sér drögin og þakkar að fá tækifæri til að veita umsögn um þau. Orkuskipti eru stór þáttur í innviðauppbyggingu og mikilvægt að fyrir liggja skýrt stefna stjórnvalda þegar að þeim kemur. Landsnet vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum um efni draganna.

Í drögunum efst á bls. 16 kemur fram að framleiðsla rafmagns og dreifing þess sé ekki fyrirstaða. Þessu er Landsnet ekki alveg sammála og bendir á að tiltæk afhendingargeta á afhendingarstöðum flutningskerfisins er ekki til staðar og því ekki mögulegt að bæta við nýrri notkun á landinu, nema mjög staðbundið. Einnig er bent á að uppbygging innviða er tímafrek og geta stór verkefni oft tafist árum saman í undirbúningsferlum. Það sama gildir um framleiðslu rafmagns, en Landsnet hefur bent á í nýlegri skýrslu um Afl- og orkujöfnuð sem kom út fyrr á þessu ári að orkuskiptur á Íslandi sé staðreynd og sé kominn til að vera næstu árin. Undirbúningur virkjanaframkvæmda tekur að öllu jöfnu langan tíma og því fyrirséð að staðan verði slæm fram eftir núveranda áratug

Hvað varðar heildarorkuþörf fyrir flug bendir Landsnet á greiningu sem framkvæmd var af Samorku þar sem að vænt heildarraforkuþörf ef knýja á bæði innanlands- og millilandaflug til og frá landinu með innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum gæti numið allt að 8,2 TWst. Greiningin er hluti þeirra sviðsmynda sem lagðar voru til grundvallar í grænbók um stöðu og áskoranir í orkumálum sem unnin var af starfshópi sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði.

Þá gerir Landsnet einnig athugasemd við þá fullyrðingu sem sett er fram á bls. 17 í kafla 2.2.4.1 um innviðaþróun. Þar er því haldið fram að fyrir styttri og meðallangar vegalengdir (undir 500 km) sé ódýrast að flytja vetnið eftir lögn ef notkun og nýtingarhlutfallið sé nægjanlega hátt. Í samanburði við háspennulínur geti vetnislögn flutt tífalt magn orku fyrir um 12% af kostnaði við háspennulínuna. Þar að auki sé líftími vetnislagnarinnar lengri. Er þar vitnað til heimildar frá McKinsey & Company. Landsnet telur að hér sé óvarlega farið með staðreyndir og varhugavert að kasta fram slíkum fullyrðingum sem gætu hæglega valdið misskilningi og torveldað umræðu um innviðauppbyggingu hér á landi.

Í sömu heimild kemur fram að fjárfestingarkostnaður nýrrar vetnispípu sé á bilinu 2,2 til 4,5 milljónir USD, sem svarar til 285 til 583 milljónir ISK á km. Samsvarandi kostnaður fyrir 220 kV háspennulínu sem getur flutt afl frá 500 til 900 MW er frá 50 til 65 milljónir ISK á km. Einnig er þess getið í heimildinni að flutningskostnaður fyrir 1 kg af vetni, við sömu aðstæður og nefndar eru í kaflanum, sé á bilinu 0,1 til 1 USD sem svarar til 3 til 30 USD/MWst af orku á meðan að flutningstaxti Landsnets til stóriðju á Íslandi er um 4,65 USD/MWst. Þá bendir Landsnet á að afskriftartími háspennulína er 50 ár en raunlíftími þeirra er 50-70 ár. Hér er því um fullyrðingar að ræða sem virðast ekki standast ekki skoðun.

Virðingarfyllst,

Guðjón Axel Guðjónsson, lögræðingur Landsnets hf.